

LÖG

um breytingu á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum (aðstoðarmenn dómara).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Til aðstoðar dómurum má ráða lögfræðinga sem fullnægja skilyrðum 2.–6. tölul. 2. mgr. 12. gr. Aðstoðarmaður skal ráðinn til fimm ára og er heimilt að endurnýja þá ráðningu einu sinni. Að öðru leyti gilda um hann almennar reglur um starfsmenn ríkisins.

Dómstjóri getur falið aðstoðarmanni önnur dómstörf en þau að fara með og leysa að efni til úr hvers konar einkamálum, þar sem vörnum er haldið uppi, og sakamálum frá því að þau koma til aðalmeðferðar. Dómstjóri ber ábyrgð á störfum aðstoðarmanns og getur gefið honum fyriræli um hvað eina sem lýtur að rækslu þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. júní 2012.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Ögmundur Jónasson.